

Almannavarnarnefnd: Skráning og dagskrá á ráðstefnu Almannavarnarsviðs ríkislögreglustjóra // 31. október 2024 kl. 13:00

Til : Arndís Dögg Jónsdóttir <arndisjo@isafjordur.is>
Frá : Bryndís Ósk Jónsdóttir <bryndis@isafjordur.is>
Heiti : Almannavarnarnefnd: Skráning og dagskrá á ráðstefnu Almannavarnarsviðs ríkislögreglustjóra // 31. október 2024 kl. 13:00
Málsnúmer : 2023120041
Málsaðili : Almannavarnarnefnd - sameinuð almannavarnarnefnd Ísafjarðarbæjar og Súðavíkurrepps
Skráð dags : 23.10.2024 16:52:11
Höfundur : Bryndís Ósk Jónsdóttir <bryndis@isafjordur.is>
Viðhengi image001.jpgimage001.jpg

Sæl

Viltu búa til fundarlið vegna þessa á sameinaða almannavarnarnefnd.

Bryndís Ósk Jónsdóttir

sviðsstjóri stjórnssýslu- og fjármálasviðs / bæjarritari
Ísafjarðarbær
450 8000 - www.isafjordur.is

From: Hjördís Guðmundsdóttir <hjordis@almanavarnir.is>

Sent: miðvikudagur, 23. október 2024 14:43

Subject: Skráning og dagskrá á ráðstefnu Almannavarnarsviðs ríkislögreglustjóra // 31. október 2024 kl. 13:00

Góðan dag.

Í júní sl. kom póstur til þín þar sem minnt var á árlega ráðstefnu Almannavarnarsviðs ríkislögreglustjóra sem haldin verður í næstu viku eða **fimmtudaginn 31. október kl. 13:00-16:15**, á Hilton Reykjavík Nordica.

Núna er hægt að [nálgast dagskrána](#) sem kom í seinna fallinu að þessu sinni. [Skráningin er í fullum gangi](#) og hvetjum við öll sem hafa áhuga á almannavarnarmálum að mæta.

Eins og áður þá verður fjallað vítt og breytt um almannavarnarmál á Íslandi. Farið verður yfir endurbætt lög um almannavarnir og hlutverk og ábyrgð sveitafélaga þegar váin bankar á dyrnar. Hvaða áhrif hamfarir geta haft djúpstæð áhrif á börn til lengri tíma og mikilvægi þess að bregðast rétt við. Einnig verður rætt um hvernig loftslagsbreytingar eru byrjaðar að breyta náttúrufari og lífsskilyrðum fólks á Íslandi með vaxandi áskorunum. Allt þetta kallar á viðbrögð, ekki bara viðbragðsaðila heldur yfirvalda og almannavarnarkerfisins eins og það leggur sig. Undir lok dags segja tveir félagar úr lögreglunni frá sinni upplifun frá Flateyri og Súðavík, eftir að snjóflóð féllu þar árið 1995 og bera saman við stöðuna í dag.

Aðgangur er ókeypis en sætafjöldi takmarkaður og því er [skráning](#) nauðsynleg. Allar frekari upplýsingar er hægt að nálgast hjá Hjördísi Guðmundsdóttur, samskiptastjóra Almannavarnarsviðs (hjordis@almanavarnir.is).

[SKRÁNING Á RÁÐSTEFNU ALMANNAVARNA 31. OKTÓBER 2024](#)

13:00 – 13:10 Opnun ráðstefnunnar

Guðrún Hafsteinsdóttir, dómsmálaráðherra.

13:10 – 13:30 Farið yfir sviðið

Almannavarnadeild, Almannavarnasvið, Almannavarnir, almannavarnarkerfið, almannavarnarnefndir, almannavarnir embætta lögreglunnar, aðgerðarstjórnir. Hver er hvað? Hver gerir hvað? Hver ber ábyrgð á hverju?

Síðustu vikur og mánuði hefur verið unnið að endurskoðun almannavarnalaga. Hverju breytir það fyrir Almannavarnasvið ríkislögreglustjóra eða almannavarnakerfið?

Sólberg S. Bjarnason, deildarstjóri Almannavarnasviðs ríkislögreglustjóra

13:30 – 13:45 Ný og endurbætt lög um almannavarnir

Atburðir síðustu missera og ára hafa leitt fram nauðsyn þess að yfirfara almannavarnarkerfið og þau lög sem um þau gilda. Dómsmálaráðuneytið tók ákvörðun á vormánuðum 2023 að undirbúa þá endurskoðun með heildstæðum hætti. Samhliða var unnið að því að setja fram framtíðarsýn, mörkuð stefna og sett fram stjórnskipulag fyrir málaflokkinn. Í þessari vinnu lagði ráðuneytið einnig áherslu á að haft yrði samráð við alla hagaðila almannavarnarkerfinu og þeim gefinn kostur að koma sínum áherslum á framfæri. Hvað þýðir þetta fyrir sveitarfélögin á Íslandi, viðbragðsaðila, hagaðila?

Ragna Bjarnadóttir, skrifstofustjóri almanna- og réttaröryggis hjá Dómsmálaráðuneytinu.

13:45 – 14:05 Almannavarnarástand skekur sveitarfélag

Samvinna ríkis og sveitarfélaga er lykilatriði í því að almannavarnarkerfið virki sem skyldi, þetta er meðal annars það sem kom fram í yfirlýsingu sem formaður Sambands íslenskra sveitafélaga og dómsmálaráðherra skrifuðu undir í mars á þessu ári. Markmiðið með yfirlýsingunni var að leggja áherslu á að sveitarfélögin gegna lykilhlutverki í almannavarnarmálum. Almannavarnarnefndir sveitafélaga móta stefnu og skipuleggja starf sitt að almannavörnum í héraði og bera meðal annars ábyrgð á gerð viðbragðsáætla. Auk þess sinna sveitarfélögin nærpjónustu við íbúana og því reynir verulega á alla innviði sveitafélaga þegar alvarleg almannavarnaatvik koma upp.

Heiða Björg Hilmisdóttir, formaður Sambands íslenskra sveitafélaga

14:05 – 14:30 „Púslum þessu saman“ Velferð barna og ungmenni í náttúruvá

Grindavík er bær sem er þekktur fyrir margt eins og sjávarútveg og nálægð við Bláa Lónið. Grindavík var áður umkringt hraunbreiðum en í dag varnargörðum. Á einu ári hefur líf Grindvíkinga kollvarpast og enginn sér fyrir endann á þessari sögu sem náttúran er að skrifa.

Það er ljóst að hamfarir geta haft djúpstæð áhrif á börn, ekki aðeins í skamman tíma, heldur líka til lengri tíma. Lífsgæði þeirra og geðheilbrigði eru í húfi, og því er mikilvægt að við bregðumst rétt við. Í þessum fyrirlestri verður fjallað um viðbrögð til að styðja við farsæld grindvískra barna í kjölfar náttúruhamfara. hvað virkaði vel? Hvað höfum við lært og hvernig getum við nýtt þann lærdóm til að vera betur undirbúin næst. Það er ljóst að við höfum ekki stjórn á náttúruöflum, en við getum stjórnað því hvernig við bregðumst við.

Jóhanna L. Birgisdóttir, framkvæmdarstýra Þjónustuteymis um félagsleg málefni Grindvíkinga og

14:30 – 15:00 Kaffihlé

15:00 – 15:20 Möguleg framvinda og svartir svanir

Áhrif loftslagsbreytinga á flóðahættu og náttúruhamfarir auk annarra kerfislægra áhættuþátta.

Loftslagsbreytingar eru byrjaðar að breyta náttúrufari og lífsskilyrðum fólks á Íslandi með vaxandi áskorunum fyrir efnahag, samfélag og náttúru. Þær auka náttúruvá, t.d. vegna aftakaúrkomu, hvassviðra, hættu á flóðum í ám og úr jaðarlónum, skriðufalla, sjávarflóða, tíðari eldgosa og gróðurelda.

Hvað sjávarflóð varðar benda öll líkön og allar sviðsmyndir um losun gróðurhúsalofttegunda til þess að hér hækki eiginleg sjávarstaða, en landris hefur yfirhöndina á suður- og suðausturströndinni og þar getur afstæð sjávarstaða fallið. Íslenskt samfélag kann að vera berskjaldað gagnvart flókinni og kerfislægri áhættu vegna afleiðinga loftslagsbreytinga. Slíkar áhættur eru m.a. til staðar í matvæla- og fjármálakerfum og í aðfangakeðjum. Þá getur loftslagsáhætta utan Íslands aukið komu flóttamanna til landsins.

Erindið ræðir þessar hættur og óvissu þeim tengdar og mikilvægi þess að taka tillit til aukinnar náttúruvár við skipulagsgerð svo stýra megi áhættunni. Einnig er stuttlega fjallað um óþægilegar upptakomur í gróðurhúsaheimi, möglega (en ólíklega?) atburðarás þar sem afleiðingar gætu orðið mun skaðlegri.

Halldór Björnsson, Fagstjóri veðurs og loftslags hjá Veðurstofu Íslands

15:20 – 16:00 Hvað höfum við lært?

Árið 1995 féllu snjóflóð á Súðavík og Flateyri. Atburðir sem höfðu djúpstæð áhrif á allt samfélagið. Rögnvaldur Ólafsson, aðstoðaryfirlögregluþjónn hjá Fjarskiptamiðstöð Ríkislögreglustjóra, var 23 ára gamall í starfsnámi frá lögregluskólanum í lögreglunni á Ísafirði og Hlynur Hafberg Snorrason, yfirlögregluþjónn í lögreglunni á Vestfjörðum, var rannsóknarlögreglumaður í lögreglunni á Ísafirði. Þeir munu fara yfir þessa atburði út frá sinni upplifun á þessum tíma og bera saman við stöðuna í dag. Hvað höfum við lært?

Rögnvaldur Ólafsson og Hlynur Hafberg Snorrason

16:00 – 16:15 // Samantekt

Sigríður Björk Guðjónsdóttir, Ríkislögreglustjóri

**Hjördís
Guðmundsdóttir**

Samskiptastjóri
Almannavarnir

hjordis@almannavarnir.is

Ríkislögreglustjóri

Skúlagötu 21
101 Reykjavík

rls@rls.is

4442500



hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður / Please consider the environment before printing

From: Hjördís Guðmundsdóttir

Sent: föstudagur, 28. júní 2024 16:11

Subject: Árleg ráðstefna Almannavarnasviðs ríkislögreglustjóra 31. október 2024 kl. 13:00 - 16:30

Góðan dag.

Árleg ráðstefna Almannavarnasviðs ríkislögreglustjóra verður haldin **fimmtudaginn 31. október kl. 13:00-16:30, á Hilton Reykjavik Nordica.**

Á ráðstefnunni verður eins og áður fjallað um almannavarnarmál á Íslandi. Dagskrá er í vinnslu en ef það er eitthvað sem þú myndir sérstaklega vilja fræðast um sem tengist Almannavörnum, þá er hægt að senda tölvupóst á undirritaða.

Öll sem hafa áhuga á almannavarnarmálum eru velkomin á ráðstefnuna. Aðgangur er ókeypis en sætafjöldi takmarkaður og því er skráning nauðsynleg (þó ekki nauðsynleg strax). Þessar línur sendar út svo hægt sé að taka daginn frá.

[RÁÐSTEFNA ALMANNAVARNA 31. OKTÓBER 2024 \(office.com\)](#)

kveðja

Hjördís Guðmundsdóttir

Samskiptastjóri

Almannavarnir

hjordis@almannavarnir.is

Ríkislögreglustjóri

Skúlagötu 21

101 Reykjavík

rls@rls.is

4442500



P

Vinsamlegast
hugið að
umhverfinu

[Um ábyrgð á tölvupósti](#)

áður en tölvupósturinn er prentaður / Please consider the environment before printing